

## Svar

samgönguráðherra við fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur um ökuþróf.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvenær er áætlað að bjóða út framkvæmd ökuþrófa en núverandi samningur rennur út 1. apríl nk.?*
2. *Er fyrirhugað að endurskoða það fyrirkomulag sem nú er viðhaft við framkvæmd ökuþrófa, þ.e. að aðeins einn aðili annist þrófin?*
3. *Hverjar eru meginástæður þess að starfsemi tengda ökuþrófum þarf að reka með sérleyfi?*
4. *Hver er aðkoma Samkeppniseftirlitsins að núverandi fyrirkomulagi og hvernig er eftirliti háttáð með verðlagningu á ökuþrófum?*

22. febrúar 2002 var gerður verksamningur milli Umferðarráðs og Frumherja hf. um að Frumherji hf. tæki að sér framkvæmd skriflegra og verklegra ökuþrófa á öllu landinu. Gildistíminn var ákveðinn þrjú ár og kveðið er á um að eftir það megi framlengja samninginn um tvö ár í senn. Óski annar hvor samningsaðila ekki eftir að framlengja samninginn þurfi hann að tilkynna það fyrir 1. nóvember og falli hann þá úr gildi 31. mars 2005 eða eftir atvikum 31. mars 2007.

Samningsákvæðin um gildistímann mótuðust af því að verkkaupa þótti nauðsynlegt að eiga þess kost að geta slitið samningnum á tveggja ára fresti, þar sem það þótti heppilegt með tilliti til framkvæmdar ökuþrófa. Að öðru leyti var gert ráð fyrir að a.m.k. fimm ár liðu þar til fyrirkomulagið yrði endurskoðað. Á þeim nótum var samningurinn framlengdur, fyrst til 31. mars 2007 og síðan aftur til 31. mars 2009. Það verður þannig á haustmánuðum 2008 sem í síðasta lagi þarf að taka afstöðu til þess hvort samningurinn skuli gilda lengur en til 31. mars 2009.

Rétt er að taka fram að Umferðarstofa tók til starfa 1. október 2002 og kom þá í stað Umferðarráðs sem aðili að umræddum verksamningi. Í 112. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, er hlutverki Umferðarstofu lýst, en það er m.a. að annast ökuþróf. Umferðarstofu er heimilt að fela öðrum framkvæmd verkefna sem henni tilheyrja samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Með umræddum verksamningi var öðrum falið að koma að ökuþrófum undir umsjón Umferðarstofu.

Samkeppniseftirlitið hefur ekki komið að málinu. Þegar verksamningurinn var gerður byggðist útreikningur á gjöldum fyrir ökuþróf á kostnaðargreiningu Umferðarráðs. Heimilt er að endurskoða gjaldskrá til lækkunar eða hækkunar árlega með tilliti til breytinga á vísitölu neysluserðs. Slíkar breytingar skulu þó samþykktar af Umferðarstofu.